



# Barnatrygging

Skilmáli nr. LM20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. LM20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

**Barnatrygging** veitir forsjáraðilum vernd fyrir tekjumissi og ófyrirséðum kostnaði vegna alvarlegs slyss eða alvarlegra veikinda barns. Tryggingin hjálpar einnig barni sem hlýtur varanlegan miska að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði á fullorðinsárum.

**Skilmáli** segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt undir rafrænum skjölum á vis.is.

## I. Almenn ákvæði

### 1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er það barn sem nefnt er í skírteini eða endurnýjunarkvittun þegar um er að ræða miskabætur, sjúkdómatryggingu, líftryggingu og áfallahjálpar.
- 1.2 Tryggingartaki er tryggður þegar um er að ræða bætur vegna umönnunar, aðgerðar erlendis og breytinga- og hjálpartækjakostnað vegna slyss eða sjúkdóms.

### 2. Hver er tryggingartaki?

- 2.1 Sá einstaklingur sem gerir samning við VÍS um barnatryggingu. Tryggingartaki getur aðeins verið forsjáraðili tryggðs.

### 3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 4. Hvenær tekur tryggingin gildi?

- 4.1 Tryggingin tekur gildi þegar VÍS hefur mótttekið og metið þær upplýsingar um heilsufar sem óskað er eftir og tryggingartaki hefur samþykkt að kaupa trygginguna með þeim skilmálum sem um hana gilda, þó ekki fyrir en barnið hefur náð eins mánaðar aldri. VÍS ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað þegar upplýsingar um heilsufar voru veittar ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun VÍS og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.
- 4.2 Hámarksaldur barns við kaup á nýrri tryggingu er 17 ára.
- 4.3 Tryggingin endurnýjast árlega. Tryggingin fellur úr gildi við næstu endurnýjun eftir að tryggður verður 20 ára.
- 4.4 Bætur eru ekki greiddar nema bótaskyldur atburður eigi sér stað á því tímabili sem tryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að trygging hefur fallið úr gildi er VÍS ekki bótaskyld þó að leiða megli líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan tryggingin var í gildi.

### 5. Tryggingarfjárhæð

- 5.1 Tryggingarfjárhæðir koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5.2 Tryggingarfjárhæðir hækka í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Lækki vísitala neysluverðs hefur það ekki áhrif til lækkunar á fjárhæðum.

### 6. Greiðsla bóta

- 6.1 Bætur úr tryggingunni greiðast til tryggingartaka, sbr. þó gr. 6.2.
- 6.2 Miskabætur greiðast til barnsins þegar endanlegt miskamat liggur fyrir. Ef barnið er ófjárráða þá greiðast bætur inn á reikning í viðurkenndri fjármálastofnun á Íslandi, sem bundinn er til 18 ára aldurs.
- 6.3 Þegar fleiri en ein barnatrygging fyrir barnið er í gildi hjá VÍS greiðast miskabætur og bætur vegna áfallahjálpar hlutfallslega úr hverri tryggingu.

Það fer eftir því hver verður fyrir tjóni **hver er tryggður**. Talið er að foreldri/forsjáraðili verði fyrir tjóninu þegar um er að ræða þann kostnað sem bættur er vegna umönnunar, aðgerðar erlendis eða breytinga- og hjálpartækjakostnaðar.

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum en í skilmálanum er að finna **skilyrði sem bundin eru við Ísland** s.s. staðfesting á sjúkdómsgreiningu.

Þú getur ávallt kynnt þér hámarks fjárhæðir sem greiddar eru úr tryggingunni á **skírteini** eða **endurnýjunarkvittun**.



## 7. Áframhaldandi trygging eftir vanskil

- 7.1 Falli tryggingin niður vegna vanskila eftir að greitt hefur verið fyrir trygginguna í eitt ár hið minnsta má endurvekja trygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vanskil eru greidd innan þriggja mánaða frá því að tryggingin féll niður.

## 8. Greiðslufrelsi tryggingar

- 8.1 Ef tryggingartaki sem er yngri en 65 ára fellur frá á gildistíma tryggingarinnar greiðir VÍS fyrir trygginguna þar til barnið nær 20 ára aldri.
- 8.2 Forsjáradili barns óskar eftir greiðslufrelsi.

## II. Slysa- og sjúkratrygging

### 9. Hvað bætir tryggingin?

- 9.1 Greiddar eru miskabætur ef slys eða sjúkdómur leiðir til varanlegs miska barnsins sem er metinn 10% eða hærrí.

### 10. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 10.1 Tryggingin bætir ekki slys:
- Af völdum skráningarskylds vélknúns ökutækis á Íslandi eða vélknúns ökutækis, sem skráð er erlendis, þar sem lögbodid er að tryggja vegna slíkra tjóna.
  - Slys sem verða í fjallgöngu yfir 4.000 metra hæð eða í köfun á meira en 10 metra dýpi, drekaflugi, sviiflugi, teygju-, fallhlífar- og BASE stökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
  - Slys sem verða í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
  - Af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
- 10.2 Tryggingin bætir ekki sjúkdóma:
- Af völdum einkenna sem komu í ljós áður en trygging tók gildi nema að VÍS hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt trygginguna þrátt fyrir það.
  - Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
  - Af völdum eittraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
  - Af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
- 10.3 Tryggingin bætir ekki hvers konar þroskafrávik og þroskahömlun án tillits til hvenær einkenni þeirra koma fyrst fram s.s. Downs syndrome, Asperger- og Tourette heilkenni, einhverfu, ADD, OCD, DAMP og ADHD.
- 10.4 Varanlegan miska tryggðs ef hann er metinn lægri en 10%.

### 11. Ákvörðun bóta

- 11.1 Varanlegan miska skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar mat fer fram. Við ákvörðun miskastigs ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys og sjúkdómur sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til varanlegs miska. Ef líkur eru til að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Ef áverki vegna slyss eða afleiðing sjúkdóms kemur ekki fram í töflum örorkunefndar um miskastig skal sérstakt mat fara fram með hliðsjón af töflunum.
- 11.2 Bætur vegna varanlegs miska greiðast í hlutfalli við grunntryggingarfjárhæð sem var í gildi á slysdegi eða á þeim degi þegar sjúkdómur greindist, þannig að hvert miskastig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert miskastig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert miskastig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við 100% varanlegan miska verða því 325% af grunntryggingarfjárhæð.
- 11.3 Ef missir eða bæklun útlíma, líffæra, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist varanlegur miski hlutfallslega. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til varanlegs miska með hliðsjón af bækluninni fyrir slys eða sjúkdómsgreiningu.
- 11.4 Bendi fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn til varanlegra afleiðinga vegna slyss eða sjúkdóms, mun starfsfólk VÍS leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af mskatóflu örorkunefndar. Telji starfsfólk VÍS tilefni til, getur VÍS aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum slyss eða sjúkdóms.
- 11.5 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggða.
- 11.6 Miskamat fer í fyrsta lagi fram ári eftir greiningardag sjúkdóms eða slyss. Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við grein 11.4 eigi síðar en þremur árum frá slysdegi eða

Ef hið óhugsandi gerist og þú fellur frá fyrir 65 ára aldur sér VÍS til þess að barnið þitt verði áfram tryggt.

**Miskabætur** eru greiddar ef slys eða sjúkdómur leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

Þar sem bótunum er ætlað að bæta **framtíðartekjumissi** eru bætur vegna ófjárráða barna greiddar á bundinn reikning til 18 ára aldurs barnsins, sbr. 6. gr. þessa skilmála.

Vonandi þarftu aldrei að setja þig inn í hvernig miski er reiknaður en við **erum til staðar** til að útskýra ef þú vilt.



sjúkdómsgreiningu, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta samkvæmt tryggingunni niður. Með samþykki VÍS má fresta miskamati svo lengi sem þörf krefur samkvæmt lækisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirbyggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í 10 ár frá tjónsatburði.

- 11.7 Þegar bætur hafa verið greiddar tryggðum, samkvæmt þessari grein, sem nemur 50% varanlegum miska eða meira fellur tryggingin úr gildi.

## 12. Hugtakanotkun

- 12.1 Slys er þegar skyndilegur utanaðkomandi atburður veldur meiðslum á líkama þess sem er tryggður og gerist án vilja hans. Við meiðsli á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.
- 12.2 Varanlegur miski er þegar sjúkdómur eða slys hefur í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu tryggðs af völdum atburðar.

## III. Sjúkdómatrygging

### 13. Hvað bætir tryggingin?

#### 13.1 Krabbamein

13.1.1 VÍS greiðir bætur vegna greiningar illkynja æxlis sem einkennist af stjórnlausem ífarandi vexti og útbreiðslu. Greiningin skal vera staðfest af sérfræðilækni með vefjagreiningu og flokkuð sem illkynja krabbamein skv. gildandi útgáfu AJCC – TNM flokkunar á greiningardegi.<sup>1</sup> Undir skilgreininguna falla illkynja eitlakrabbamein, illkynja beinmergsröskun, þ.m.t. hvítblæði.

13.1.2 Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Staðbundið krabbamein (CIS, TIS), krabbamein sem ekki eru ífarandi, rangvöxtur og öll forkrabbamein.
- Skjaldkirtilskrabbamein með stígun lægri en T2NOMO.
- Grunnfrumu- og flöguþekjukrabbamein í húð, húðeitilfrumukrabbamein, sarkmeið og dermatofibrosarcoma protuberans í húð.
- Krabbamein greind á grundvelli þess að æxlisfrumur og/eða æxlistengdar sameindir eða gildi finnast í blóði, munnvatni, hægðum, þvagi eða öðrum líkamsvessum án þess að um sé að ræða frekari óyggjandi klínísk gögn sem unnt er að sannprófa.

#### 13.2 Góðkynja heilaæxli

13.2.1 VÍS greiðir bætur vegna góðkynja heilaæxlis sem ekki er skilgreint sem illkynja vöxtur staðsett innan höfuðkúpu. Æxlið verður að vera meðhöndlað með að minnsta kosti einu af eftirfarandi:

- Skurðaðgerð sem fjarlægir meinið að fullu eða hluta.
- Stereotaktískri tækni (stereotactic radiosurgery).
- Geislameðferð.

13.2.2 Ef engin af ofangreindum meðferðum er möguleg af lækisfræðilegum orsökum verður æxlið að hafa valdið viðvarandi skerðingu á heila- eða taugastarfsemi í a.m.k. þrjá mánuði frá greiningu. Greining þessi verður að vera staðfest af taugasérfræðingi eða taugaskurðlækni og studd með myndgreiningu.

13.2.3 Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Allar blöðrur.
- Sýkingar.
- Hnúðar (granuloma).
- Blóðkúllur (haematomas).
- Æxli í heiladingli.
- Æðaæxli.
- Taugaslíðuræxli.
- Taugatrefjaæxli.

#### 13.3 Nýrnabilun

13.3.1 VÍS greiðir bætur vegna krónískrar og óafturkræfrar nýrnabilunar beggja nýrna, sem leiðir annað hvort til reglubundinnar nýrna- eða kviðskilunar eða nýrnaígræðslu. Skilunin þarf að vera lækisfræðileg nauðsyn og staðfest af nýrnasérfræðingi.

13.3.2 Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- Bráð afturkræf nýrnabilun sem krefst nýrnaskilunar til skemmri tíma.

**Sjúkdómatrygging** tekur til þeirra 11 sjúkdóma og atburða sem nánar eru tilgreindir í þessum hluta skilmálans.

Bætur greiðast einu sinni vegna hvers sjúkdóms en **sjúkdómatryggingin gildir áfram** fyrir aðra sjúkdóma og atburði sem hér eru tilgreindir.

<sup>1</sup> American Joint Committee on Cancer, AJCC Cancer Staging manual.



### 13.4 Líffæraflutningur

- 13.4.1 VÍS greiðir bætur vegna líffæraflutnings þar sem tryggður hefur þegið eftirfarandi frá annarri manneskju:
- Hjarta, lungu, lifur, bris, eða smágirni.
  - Andlit, hönd, handlegg eða fót, að hluta eða öllu leyti (composite tissue allograft transplantation).
- 13.4.2 Ástand sem leiðir til ágræðslu eða ígræðslu verður að vera dæmt fullkomlega ólæknalegt og staðfest sem slíkt af sérfræðilækni.

### 13.5 MS sjúkdómur (heila- og mænusigg)

- 13.5.1 VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar MS sjúkdóms staðfestri af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem studd er af öllum eftirfarandi viðmiðum:
- Hlutlægi klínískri skerðingu á hreyfi- eða skynfærum, sem verður að hafa verið til staðar samfelt í a.m.k. 6 mánuði.
  - Skellur í heila eða mænu sem eru staðfestar með segulóm skoðun:
    - Á mismunandi stöðum í miðtaugakerfinu (dreifð staðsetning).
    - Á mismunandi tímum (dreifð tímasetning) annað hvort sem nýjar skellur í heila eða mænu sem eru staðfestar með segulóm skoðun eða nýjum klínískum skerðingum á hreyfi- eða skynfærum.

### 13.6 Þriðja stigs brunasár

- 13.6.1 VÍS greiðir bætur vegna þriðja stigs brunasára sem þekja að minnsta kosti 10% af yfirborði líkamans skv. skilgreiningu The Rule of Nines eða Lund and Browder Chart. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðilækni.

### 13.7 Barna- og langvinn liðagigt

- 13.7.1 VÍS greiðir bætur vegna barnaliðagigtar sem greinist fyrir 16 ára aldur og er staðfest af sérfræðingi í gigtlækningum. Með gigt er í öllu samhengi átt við liðbólgu og að minnsta kosti tvö af eftirfarandi einkennum: hreyfiskerðingu, hitaaukningu og sársauka. Einkennin þurfa að hafa verið til staðar í meira en sex vikur og gigt í fleiri en einum lið.
- 13.7.2 VÍS greiðir bætur vegna liðagigtar sem greinist eftir 16 ára aldur ef að minnsta kosti fjögur af eftirfarandi einkennum eru til staðar:
- Morgunstirðleiki sem varir í meira en eina klukkustund.
  - Liðbólga í þremur eða fleiri af eftirfarandi liðum samtímis: úlnliður, nærkjúkuliður fingra, miðkjúkuliður fingra, olnbog, hnéliður, ökkliðiður og tábergslíðir.
  - Liðagigt í eftirfarandi liðum handar: úlnliður, nærkjúkuliður fingra eða miðkjúkuliður fingra.
  - Samhverf liðagigt (liðagigt í sömu liðum á hægri og vinstri helmingi líkamans á sama tíma).
  - Gigtarhnútar.
  - Jákvæðir gigtarþættir.
  - Dæmigerðar breytingar á röntgenmyndum handa og úlnliðs.
  - Einkenni a-d verða að hafa verið til staðar í minnst sex vikur. Einkenni b-e verða að hafa fundist af sama lækni og greindi sjúkdómminn
- 13.7.3 Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- Einkenni sem stafa frá liðabólgu tengdri sýkingu, smitandi liðsjúkdómi, bæklunarsjúkdómi, áverkum, óeðlilegri nýmyndun vefja, ónæmishöfnun og æðabólgu.

### 13.8 Insúlínháð sykursýki (type 1 diabetes mellitus)

- 13.8.1 VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar á sykursýki týpu 1 greindri af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum og viðeigandi meðferð skal vera hafin.

### 13.9 HIV/AIDS

- 13.9.1 VÍS greiðir bætur vegna smits af völdum HIV veiru eða staðfestrar greiningar á alnæmi, sem rekja má til einhvers af eftirtöldu:
- 13.9.1.1 Blóð- eða blóðhlutagjafir sem var læknisfræðileg nauðsyn framkvæmd eftir að trygging tók gildi og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- Stofnunin eða blóðbankinn sem lagði til og gaf blóð eða blóðhlutana er opinberlega viðurkennd sem slík af heilbrigðisfyrvöldum.
  - Heilbrigðisstofnunin þar sem blóð- eða blóðhlutagjöfin var gerð viðurkennir ábyrgð sína.
  - HIV veiran verður að vera greinanleg í blóði 12 mánuðum frá blóð- eða blóðhlutagjöfinni.
- 13.9.1.2 Líkamsárásar sem tryggður verður fyrir á Íslandi á gildistíma tryggingarinnar og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:



- a) Árásin verður að hafa verið tilkynnt til lögreglu innan fimm daga.
  - b) Blóðsýni verður að taka innan fimm daga frá árásinni.
  - c) Leggja þarf fram annað mótefnaþróf innan 12 mánaða sem staðfestir að HIV veiran hafi komið fram eða að HIV mótefni sé til staðar.
- 13.9.2 HIV smit eða alnæmi vegna stunguóhapps sem tryggður verður fyrir af völdum nálar sem skilin hefur verið eftir á leikvöllum, almenningsgörðum eða öðrum almennum svæðum.
- 13.9.3 Undanskilið greiðslu úr tryggingunni er HIV smit vegna annarra smitleiða, t.d. vegna eiturfjanganotkunar eða kynlífs.
- 13.10 Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar**
- 13.10.1 VÍS greiðir bætur vegna ótvíræðrar greiningar heilahimnubólgu af völdum bakteríusýkingar sem leitt hefur til varanlegrar skerðingar á taugastarfsemi. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum og studd með ræktun sjúkdómsvaldandi baktería frá heilla- og mænuvökva.
- 13.11 Blinda**
- 13.11.1 VÍS greiðir bætur vegna varanlegs og óafturkræfs missis sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss sem ekki er hægt að laga með laseraðgerð, lyfjagjöf eða skurðaðgerð. Missir sjónar er staðfestur með annað hvort sjónmælingu 3/60 eða minna (0,05 eða minna í tugabrotum) í betra auganu eftir bestu leiðréttingu, eða sjónsvið minna en 10° í þvermál í betra auganu eftir bestu leiðréttingu. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.
- 13.12 Eftir að greiddar hafa verið bætur úr sjúkdómatryggingu samkvæmt bóталиðum 13.1. til 13.12 gildir tryggingin áfram en ekki eru greiddar bætur aftur úr þeim bóталиð sem VÍS hefur þegar greitt bætur úr. Þetta á við þó að tryggður greinist síðar með annan sjúkdóm sem fellur undir sama bóталиð.

## 14. Hvað bætir sjúkdómatrygging ekki?

- 14.1 Tryggingin bætir ekki:
- 14.1.1 Meðfædda sjúkdóma eða afleiðingar sjúkdóms ef telja má líklegt samkvæmt lækisfræðilegum rannsóknum að hann hafi verið til staðar við fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði ævinnar. Þetta á ekki við ef sjúkdómseinkenni koma fyrst fram þegar tryggður hefur náð sex ára aldri.
  - 14.1.2 Krabbamein, MS sjúkdóm eða heilahimnubólgu sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku tryggingarinnar. Þetta á þó ekki við ef tryggður var fyrir með sambærilega tryggingu, bæði hvað varðar bótasvið og tryggingarfjárhæðir, sem sagt er upp samhliða gildistöku tryggingarinnar.
  - 14.1.3 Sjúkdóm þar sem ekki liggur fyrir staðfesting greiningar sérfræðings á Íslandi í viðkomandi sérgrein.
  - 14.1.4 Sjúkdóm, aðgerð eða annan tjónsatburð ef tryggður lifir ekki að minnsta kosti í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar tjónsatburður átti sér stað.

## IV. Líftrygging

### 15. Hvað bætir tryggingin?

- 15.1 VÍS greiðir bætur vegna andláts hins tryggða.
- 15.2 Ef bætur eru greiddar samkvæmt þessari grein fellur tryggingin niður.

## V. Umönnun og stuðningur

### 16. Umönnun

- 16.1 VÍS greiðir tryggingartaka dagpeninga ef barn þarf á umönnun forsjáraðila að halda vegna slyss eða sjúkdóms í eftirfarandi tilvikum:
- 16.1.1 Barn þarf að dveljast á sjúkrahúsi í samfleytt fimm daga eða lengur. Bætur eru greiddar fyrir hvern dag frá innlagnardegi. Ef tryggður leggst aftur inn á sjúkrahús innan 12 mánaða frá lokum fyrri sjúkrahúsdvalar, vegna sama sjúkdóms eða slyss, á tryggingartaki rétt til bóta frá innlagnardegi þar til hámarksbótatíma skv. grein 16.3 er náð.
  - 16.1.2 Barn þarf á umönnun að halda í kjölfar sjúkrahúsdvalar í samfleytt 10 daga eða lengur. Bætur eru greiddar fyrir hvern dag frá því umönnun hófst.
  - 16.1.3 Barn þarf á umönnun að halda í kjölfar alvarlegs beinbrots í samfleytt 10 daga eða lengur. Bætur eru greiddar fyrir hvern dag frá því umönnun hófst.

Líftryggingu er ætlað að styðja við bakið á þér vegna útgjalda ef það sem við viljum ekki hugsa til enda gerist.

Umönnunarbótum vegna eða í kjölfar sjúkrahúsdvalar er ætlað að mæta tekjutapi foreldra/forsjáraðila.



- 16.2 Staðfesting læknis þarf að liggja fyrir um að umönnunar sé þörf í að lágmarki þann tíma sem tilgreindur er í greinum 16.1.1-16.1.3. Bætur greiðast ekki fyrir skemmri dvöl.
- 16.3 Bótatími er að hámarki 365 dagar vegna greinar 16.1.1 en 30 dagar vegna greina 16.1.2-16.1.3 vegna sama sjúkdóms eða slyss. Sjúkdómar og önnur sjúkdómseinkenni, með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstilfallið.

## 17. Aðgerð erlendis

- 17.1 VÍS greiðir bætur í formi eingreiðslu vegna aðgerðar sem nauðsynlegt er að framkvæma erlendis.
- 17.2 Forsenda greiðslu bóta er að fyrir liggja staðfesting læknis á Íslandi, sem hefur haft barnið til meðhöndlunar, sem sýnir fram á að nauðsynlegt hafi verið að framkvæma aðgerðina erlendis.
- 17.3 Eingöngu er greitt einu sinni úr þessari grein skilmálans.

## 18. Breytinga- og hjálpertækjakostnaður

- 18.1 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði tryggingartaka og/eða vegna nauðsynlegra hjálpertækja í kjölfar bótaskylds slyss eða sjúkdóms sem greitt er úr þessari tryggingu.
- 18.2 Við greiðslu bóta skal skila inn frumritum kvittana, þar sem útlistað er hvaða framkvæmdir voru gerðar á húsnæði og hvers konar hjálpertæki voru keypt.
- 18.3 Eingöngu er greitt einu sinni úr þessari grein skilmálans.

## 19. Áfallahjálp

- 19.1 VÍS greiðir sálfræðiþjónustu verði barnið fyrir áfalli. Skilyrði er að sálfræðingur staðfesti þörf á meðferð vegna áfalls. Meðferð skal lokið innan sex mánaða frá því hún hófst.
- 19.2 VÍS greiðir kostnað við allt að fimm tíma hjá sálfræðingi á Íslandi, þó ekki hærri fjárhæð en hámarksbætur sem tilgreindar eru í skírteini. Eingöngu er greiddur viðtalskostnaður, samkvæmt greiðslukvittun, en annar kostnaður vegna sálfræðiþjónustu svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur.
- 19.3 Ef bætur eru að fullu greiddar samkvæmt þessari grein skilmálans fellur áfallahjálpin niður.

Hið óvænta getur leitt af sér ófyrirséðan kostnað og þá er gott að geta leitað í barnatryggingu til að **mæta slíkum kostnaði**.

**Áfall** er sterk streituvíðbrögð í kjölfar ákveðinna óvæntra atburða. Þetta eru atburðir eins og náttúruhamfarir (óveður og snjóflóð) og slys (bílslys og flugslys). Áföll geta líka verið af mannavöldum (ofbeldi, rán og nauðgun) og langvarandi ofurálag (heimilisofbeldi, einelti og kynferðislegt ofbeldi).

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**